

Raforkumálastjóri
Vatnamælingar

Skilagrein 211

ATHUGASEMDIR

VIÐ BÚRFELLSSKÝRSLU P.E.

Reykjavík 12/1'61
S. Rist

Vatnamælingum hefur borizt myndarskýrsla frá orkudeild, Jarðfræði Búrfellsþirkjunar, eftir Þorleif Einarsson, útgefin desember 1960. Einkum eitt atriði kemur mér til að gera athugasemdir við skýrsluna. Það er hvað sagt er um rennsli Ytri-Rangár. Höfundur telur meginhluta vatns Ytri-Rangár í Rangárbotnum kominn úr Þjórsá. Orðrétt stendur á bls. 9: "Hraunfloð þessi hafa einnig valdið breytingum á vatnsmagni og upptökum Ytri-Rangár, en hún kemur upp í lindum innan Sauðafellsöldu. Eru þar tvær upptakakvíslar, eystri kvíslin kemur undan Sölvahrauni, sem er eitt Hekluhrauna og runnið aður en land byggðist, norðan Sauðafellsöldu. Á rennsli þeirrar kvíslar munu Þjórsárhraun lítil áhrif hafa haft. Hefur hún runnið milli hrauns og hliðar. Aður en yngsta Þjórsárhraun rann hefur hún kankske runnið í Þjórsá. Um ytri upptakakvíslina gegnir öðru málí og mun hún vart fyrr til orðin en eftir að yngsta hraunið rann, enda mikill hluti vatns hennar kominn úr Þjórsá. Er sú kvísl miklu vatnsmeiri en eystri kvíslin." Á bls. 16 segir greinarhöfundur enn-fremur: "Sem Dæmi um það hversu yngsta hraunið er ópétt, eru lindir Bjarnarlækjar og Rangár í Ytri-Botnum, án mestur hluti þess vatns, er þar kemur fram, er úr Þjórsá kominn."

Í skýrslu Þorleifs finn ég engin haldgoð rök, sem sanna, að svo muni vera um rennsli Bjarnarlækjar og Ytri-Rangár, að vatn þeirra sé komið úr Þjórsá. Það litla, sem vatnamælingar vita um þessi vötn, hnígur í gagnstæða átt.

Aður en ég ráði um Bjarnarlæk og Ytri-Rangá, tel ég rétt að benda á, að svo virðist sem orðið "vatnsmagn" hjá greinarhöfundi eigi að tákna rennsli. Í þessu sambandi er rétt að hugleiða, hvort ekki væru tök á að samrýma orð og orðtök, skilgreiningu þeirra í þeim skýrslum, sem fjörlitaðar eru hér hjá stofnuninni, og fá ákveðna skilgreiningu orða.

Ytri-Rangá

Nálægt upptökum í Rangárbotnum eru kvíslarnar aðeins nokkur hundruð lítrar, en fara stöðugt vaxandi, er neðar dregur. Rök, sem hnígja að því, að vatn Ytri-Rangár sé ekki komið úr Þjórsá, eru þessi:

1. Bak við eða ofan við Rangárbotna er 300 km^2 svæði, sem hallar að Rangárbotnum, og eðlilegt væri, að vatn af því svæði kæmi fram í Rangárbotnum. Vatnsvið Helliskvíslar er meginhluti þessa svæðis, en Helliskvísl hverfur niður

í hraunið austan við Valafell. Á því svæði, sem allt vatn hverfur niður í hraunin, er erfitt að draga mörk milli ánnar, en eitt er þó ljóst, að þarna er 300 km^2 svæði, og meðalafrennsli ætti að vera nálægt 80 l/s/km^2 , en það þýðir, að meðalrennslið er 25 kl/s . Það er langt í frá, að Ytri-Rangá hafi slikt rennsli. Það er ekki fyrr en komið er niður undir Selsundslæk, að slikt vatn er í ánni. Er því annað tveggja, að vatn af þessu 300 km^2 svæði fari til Þjórsár eða sígi fram í gegnum hraunin. Niðurstaðan er því sú, að út frá þessu virðist vera rökréttara, að vatn af svæðinu fari til Þjórsár en ekki að vatn komi úr Þjórsá inn til Rangár.

2. Nokkrum metrum neðan við Tröllkonuhlaup eiga vatnamælingar borholu, sem er í beinu sambandi við ána. Þar er síritandi vatnshæðarmælir. Veggir borholunnar eru rakir og meira að segja detta stöðugt dropar úr þeim á vatnsflötinn inni í holunni, en það bendir í þá átt, að grunnvatnið sé þarna yfir vatnsborði Þjórsár. Þetta er, eins og aður er nefnt, rétt fyrir neðan Tröllkonuhlaup, svo að ekki er hægt að taka þetta sem fullgilda sönnun þess, að vatn renni fremur til Þjórsár en Rangár.
3. Hjá Tungnaá inni við Hald gerðu vatnamælingar tilraun til að segja niður síritandi mæli í hraunnef, sem skagaði út í ána. Borað var aðeins $2 \frac{1}{2} \text{ m}$ frá Tungnaá á þrjá vegu, en engu að síður sýndi það sig, er niður kom, að vatnsborðið í holunni stoð nálægt 80 cm lægra en í ánni. Var því horfið að því ráði að sprengja inn í bakkann og grafa niður þar skammt frá. Þegar það var gert, virtist lgóst, að $1 \frac{1}{2} \text{ m}$ næst ánni var alveg vatnspéttur, eða svo að ekki var hægt að merkja, að vatn kæmist þar í gegn. En þegar komið var röskan $1 \frac{1}{2} \text{ m}$ inn í bergið, var hægt að láta lítin læk streyma úr ánni og inn í holuna, ~~sam~~ hvarf ~~þ~~ jafnóðum niður. Af þessum og öðrum svipuðum athugunum má draga þær þær alyktanir:
 - a) Jökulleirinn hefur þétt farveginn hið næsta ánni.
 - b) Grunnvatnið í hrauninu hjá Haldi stendur lægra en vatnið í ánni. Aftur á móti koma fram lindir úr Büðarhálsinum, gegnt þessum stað, og falla til árinnar.
 - c) Efta má því, að farvegur Þjórsár á leiðinni frá Sultartanga og niður hjá Tröllkonuhlaupi sé þéttur í botninn, þannig að aður fyrr hafi vatn runnið þar út í hraunið, en farvegurinn sé þegar orðinn þéttur.

Þar sem jökulár renna á ungum hraunum, er botninn lekur, t.d. Skaftá, vestan Skálaveiðar. Nokkurt vatn úr henni fer þar niður í hraunið frá 1782 og kemur fram neðar skolugt af Jökulvatni, en með hverjum áratug dregur úr því rennsli, t.d. við Tungulæk. Jökulvatn kom upp fyrrum í uppsprettulindum hans, og jökulleir er þar í botni. En nú er mér sagt af kunnugum, að á hinum síðari árum hafi aldrei sést jökullitur þar á vatni.

Hverfum aftur að Tungnaá. Þegar hátt sumarvatn er í Tungnaá, mun vatn síga niður úr Hrauneyjakvísl, og kemur fram jökullitaður lækur nokkru neðar vestan við Hrauneyjar. Það er eina fyrirbærið af því tagi, sem ég hefi séð á vatnasviði Þjórsár, p.e.a.s. að jökulvatn komi fram, eftir að það hefur runnið gegnum hraun góðan spöl. Á vetrum og við lága vatnsstöðu yfirleitt er þessi lind ekki til.

4. Á sama tíma og grunnvatnið stendur svona lágt niður við Hald, renna lækir úr Valafelli og Helliskvísl teygir sig allt niður í Leirdal. Er því full ástæða til að ætla, að grunnvatnsborðið lækki til vesturs.
5. Sé nú sá möguleiki fyrir hendi, að vatnið af nefndu 300 km^2 svæði fari aðallega fram sem grunnvatnsstreymi í Þjórsá-hraunlögum, virðist eðlilegt, þegar þrengir að milli Heklu og Búrfells, komi lindar fram út við hraunjaðrana. Rennsli þeirra er háð því, hve hraunin eru gljúp. Þær flytja að sjálfsögðu allt umframvatn, er grunnvatnsstreymið megnar ekki að skila í áttina til sjávar. Og því gljúparar sem efsta hraunlagið er, þeim mun nær planinu milli lindanna mun grunnvatnsborðið liggja.
6. Hitamælingar í Rangárbotnum gefa enga bindingu í þátt, að vatnið komi úr Þjórsá, en heldur eru þær ekki nágilega viðtækar til að sanna ótvírett, að svo sé þó eigi. Vatnshiti við uppsprettukvíslarnar er mjög stöðugur. Hiti eystri kvíslar er $3,25^\circ$ (2 lindir). Sé vatnið komið ofan úr Heklu úr allt að 1000-1200 m háð, eins og staðhættir benda til, er eðlilegt að vatnshitinn sé lágor. Hitinn í vestari uppsprettunum er nokkru meiri. Þær eru tvær vatnsmestu uppsprettturnar inni í botninum $4,5^\circ$ (innst, austast) og önnur $4,7^\circ$ (vestar). Ef uppsprettuvatn þessara linda væri komið úr Þjórsá, er ólíklegt, að þarna komi fram nokkur hitamunur. Það er eðlilegt, að lindarnar að vestan séu heitari en þær eystri, því að ef athugaður er liður 1 hér að framan, kemur í ljós, að ætla má, að það vatn sé komið af lægra svæði, og auk þess hefur það ett.v. runnið að einhverju leyti ofanjarðar, sbr. Helliskvísl.

Tel ástaðulaust að ræða sérstaklega um Bjarnalæk.

þar sem ég er farinn að ræða um skýrsluna á annað borð, tel ég rétt að benda á þau atriði, sem komu mér einkennilega fyrir sjónir við lestur skýrslunnar. Ég hafði skilið það svo hjá orkudeild, að hér væri um rannsókn á jarðfræði að ræða, sem gera byrfti, aður en lagt væri í mikinn kostnað við boranir. Hér væri sem sé stigið það spor að reyna að safna saman og fá sem gleggstar lysingar á jarðfræði þessa staðar, og þá kemmi jafnframt í ljós, hvað vantaði og þekkja byrfti, og þannig væri hægt að gera ákveðnari sætlun um jarðborun og aðrar viðtskari jarðfræðirannsóknir. En skýrsla höfundar virðist ekki vera byggð a.m.k. nema að óverulegu leyti á þessu sjónarmiði, því að í formála er t.d. bent að það sem afsökun, að skýrslan geti ekki örðið fullkominn, af því að engar boranir hafi verið gerðar.

Þá eru það örðin "fram" og "framan". Það er ekki um það að sakast, að það er málvenja á Suðurlandi, að "fram" tákni stefnu til suðurs, en það er í þessu sambandi athugasemd míni til orkudeilda, hvort ekki sé hætta á, að slikt geti valdið nokkrum misskilningi.

Að lokum vil ég benda á, að á þrem síðustu teikningum skýrslunnar er þverbrotin ein meginregla metrakerfisins, þar er ranglega hafður punktur á eftir skammstöfun þess, m.y.s. í stað m.y.s. Vart mun þetta sök höfundar, sem hefur sennilega ekki séð teikningarnar, frá því þær voru dregnar upp, eða þar til þær voru fjörlitaðar.